

# Verk- og tímaáætlun

Drög 31. janúar 2023



Viðtakandi: Reynir Óli Gunnarsson, Vegagerðin

Sendandi: Landgræðslan

Gústav M. Ásbjörnsson, Sunna Áskelsdóttir og Kristín Svavarsdóttir

Efni: Mótvægisáðgerðir vegna framkvæmda í Reykhólahreppi

## Inngangur

Reynir O. Þorsteinsson f.h. Vegagerðarinnar sendi Landgræðslunni fyrirspurn um hvort stofnunin gæti tekið að sér ráðgjöf um endurheimt votlendis í stað þess sem raskast við vegagerð í Reykhólahreppi.

Búið er að funda tvisvar um verkefnið og kynnti Vegagerðin framkvæmdirnar, þ.m.t. um Teigsskóg. Farið var yfir umfang og staðsetningu rasks á votlendi vegna framkvæmdarinnar.

Landgræðslan kemur að verkefninu í samræmi við eftirfarandi verk- og tímaáætlun. Gerð er grein fyrir einstökum verkþáttum í texta hér á eftir. Í töflu 1 má finna drög að kostnaðaráætlun sem unnin er á verðlagi ársins 2022 og ferðatími er innifalinn.

Tafla 1. Drög að kostnaðaráætlun vegna mótvægisáðgerða.

Verkþáttur	Eining	Magn	Kr/eining án vsk.	Samtals kr. án vsk
Tillögur að svæðum	klst	40	13,340	533,600
Stöðumat og áætlanagerð	klst	132	13,340	1,760,880
Ráðgjöf við framkvæmd endurheimtar	klst	25	13,340	333,500
Eftirlit með endurheimtarframkvæmdum	klst	40	13,340	533,600
Tækjabúnaður	stk	3	300,000	900,000
Akstur	km	2000	127	254,000
Dvalarkostnaður	dagur	12	34,500	414,000
Samtals				4,729,580
Samtals m. vsk				5,864,679

## 1. Tillögur að svæðum

Landgræðslan mun vinna tillögur að svæðum sem gætu hentað til endurheimtar votlendis til móts við það votlendi sem tapast. Eins og kostur er verður miðað við að endurheimta svæði sem eru sambærileg þeim sem tapast. Gert er ráð fyrir 40 vinnustundum greiningu á forsendum og tillögugerð þar sem unnið er með fyrirbyggjandi landupplýsingar.

Verklök: Apríl 2023

## 2. Samningar við landeigendur

Vegagerðin vinnur að samningum við viðkomandi landeigendur. Samningarnir þurfa að tryggja varanlega mótvægisáðgerð, þ.e. að endurheimtu votlendi verði ekki raskað.

Verklök: Ágúst 2023

## 3. Stöðumat og áætlanagerð

Landgræðslan framkvæmir upphafsúttekt þar sem svæðin eru skoðuð vel, einkenni kortlögð og drónamynd tekin. Settir verða niður vatnhæðarmælar sem skrá grunnvatnshæð frá sumri 2023, gróðursamsetning svæðisins metin, settir niður fastir vöktunarpunktar þar sem gróður verður greindur í römmum og settir niður staurar fyrir myndatöku. Þessi gögn verða afhent svo hægt sé að vakta breytingar á svæðinu. Framkvæmdaáætlun veður unnin fyrir svæðin í takt við einkenni þeirra.

Hafist verður handa við upphafsúttekt og aðra upplýsingaöflun vegna áætlanagerðar um leið og samningar við landeigendur liggja fyrir. Framkvæmdaáætlun verður skilað til Vegagerðarinnar.

Gert er ráð fyrir að stöðumatið verði framkvæmt af tveimur manneskjum sem vinni það á fjórum 12 tíma dögum í felti, ferðatími innifalinn. Upplýsingar frá stöðumatinu verða svo nýttar til áætlanagerðar sem tekur 36 tíma. Tími við þennan verkþátt ræðst af endanlegum fjölda svæða sem þarf að taka út.

Verklök: Ágúst 2024

## 4. Ráðgjöf við framkvæmd endurheimtar

Landgræðslan leggur til ráðgjöf og eftirlit á meðan framkvæmdum við endurheimt svæðanna stendur. Gert er ráð fyrir því að framkvæmdir hefjist eftir að varptíma líkur og verklök verði haustið 2024.

Reiknað er með að starfsmaður frá Landgræðslunni verði á staðnum fyrstu tvo daga framkvæmdar og tiltækur til ráðgjafar þar til framkvæmdum er lokið, alls um 25 tíma. Landgræðslan framkvæmir úttekt við verklok, áður en vinnuvélar fara af svæðinu og staðfestir að framkvæmdir séu fullnægjandi eða leiðbeinir um hvað laga þurfi.

Verklok: Október 2024

## 5. Framkvæmd endurheimtar

Framkvæmd endurheimtar verður í höndum Vegagerðarinnar sem mun sjá um að afla framkvæmdaleyfis fyrir hana og útvega verktaka og tæki. Einnig að sjá um úrbætur ef að úttektir Landgræðslunnar sýna fram á þeirra sé þörf.

Verklok: Október 2024, 2025 og 2028 ef þarf

## 6. Eftirlit með endurheimtarframkvæmdum

Haustið 2025 verður úttekt þar sem metið verður hvort framkvæmdir hafi þolað álag vegna umhverfisþátta s.s. vatnsrofs og frostlyftingar og hvernig uppfyllingar og stíflur hafi sjatnað. Landgræðslan skilar niðurstöðum skriflega til Vegagerðarinnar og tillögur að úrbótum ef þörf krefur.

Þriðja úttekt verður sambærileg þeirri annari og fer fram 2028, skil til Vegagerðarinnar verða á sama hátt. Verklok: Október 2025 og nóvember 2028

## 7. Eftirfylgni

Fylgjast þarf með því að endurheimtin skili tilætluðum árangri s.s. að ástand svæðanna þróist í þá átt að vera nær náttúrulegu votlendi. Lagt er til að það verði gert a) með því að fylgjast með vatnshæð en það segir til um hvort tekist hefur að hækka grunnvatnsstöðu sem er grunnur þess að endurheimta votlendi (þá er mikilvægt að hefja mælingar á grunnvatnshæð ári fyrir endurheimt) og b) með reglulegum úttektum á gróðurfari og einkennum svæðis. Landgræðslan framkvæmir upphafsstöðumat (sjá kafla 3.) og afhendir þau gögn. Árangursmat er svo hægt að byggja á þeim gögnum. Lagt er til að samið verði við til þess bæra aðila á svæðinu um þennan verkþátt. Mikilvægt er að gert sé ráð fyrir að fylgjast með ástandi svæðisins til ársins 2030. Hægt er að endurskoða það eftir því sem vatnsstaða og gróðurfar gefur tilefni til.